

Vikan.

Tíðin. Fyrripart vikunnar hægviðri og sólfar lítið. Hvass á sunnan á fimtugadaginn. Í gær rigning einkum seinni partinn og í gærkvöld og snjóaði ofan í miðjar hlíðar í nótt. Í dag er að birta upp og veður stílt en kalt.

Snorri Lárusson, símritari frá Seyðisfirði, kom hingað með Sterling, verður hann hér við landsímastöðina í sumar. Annar símritari er væntanlegur með Gullfossi.

Leiðrétting. Í ræðu Guðmundar læknis í síðasta blaði eru tvær prentvillur, sem hér með skulu leiðréttar og um leið beiðst afsökunar fyrir. Villurnar eru þessar: **fullkomlegast** í staðinn fyrir **frumlegast** og **þetta** í staðinn fyrir **þotta**.

D.s. Kóra fór frá Bergen í gær kemur við hér á Siglufirði. Skipið mun taka hédau allskonar flutning til útlanda.

Kirk hafnarverkfræðingur er væntanlegur hingað með Gullfossi. Mun hann dvelja hér um vikutíma, til rannsóknar á höfninni. Gjörir hann þetta eftir beiðni bæjarstjórnarinnar.

M.b. Faxi frá Rvík kom hingað seinni part fimtugdags og hélt áfram til Akureyrar um nóttina.

Kosningarnar í gær.

Niðurfjöfnunarnefndin. Tveir listar höfðu komið fram: A-listi, studdur af verkamönnum og á honum þessir: Einar V. Hermannsson, Kjartan Jónsson, Maron Sölvason, Guðm. Bildahl og Samúel Ólafsson. B-listi, studdur af kaupm. og útgerðarm. og á honum þessir: Sophus A. Blöndal, Jón Guðmundsson, Stefán Sveinsson, Þorm. Eyólfsson og Matth. Hallgrímsson. Kosningin fór þannig, að A-listinn hlaut 27 atkv. gild og B-listinn 46 atkv. gild. Þrír seðlar ógildir. B-listinn kom 3 mönnum að og A-listinn 2 og skipa þá niðurfjöfnunarnefndina:

S. A. Blöndal	með	43 atkv.
Jón Guðmundsson	>	30 >>
E. V. Hermannsson	>	26 >>
Stefán Sveinsson	>	26 >>
Kjartan Jónsson	>	21 >>

Endurskoðendur bæjarreikninganna. Þar komu einnig fram 2 listar: A-listi, og á honum þeir Hannes Jónsson og Kjartan Jónsson og B-listi og á honum Wilh. M. Jónsson og S. A. Blöndal. Fór kosningin þannig, að A-listinn hlaut 19 atkv. en B-listinn 52 og kom því B-listinn báðum sínum mönnum að, Wilh. M. Jónssyni með 52 atkv. og S. A. Blöndal með 25 atkv. — Annars voru kosningar þessar afarilla sóttar sem sjá má af því, að ekki voru greidd fleiri en 76 atkv. af eitthvað 450 kjósendum, sem á kjörskrá standa.

Lík frú Kristínar Blöndal

var flutt með »Sterling« til Blönduóss og jarðsett að Undirfelli í Vatnsdal í fyrradag. Var hún lögð við hlið manns síns, Lárusar sál. Blöndal, eins og áður hefir verið getið um í blaðinu. — Húskveðja var haldin hér á sunnudaginn af séra Tómasi Bjarnasyni og líkið borið í kirkju, en þar talaði séra Bjarni Þorsteinsson. Fólksfjöldi mikill var við staddur athöfnina og fylgdi líkinu allt til sjávar.

Farþegar með Sterling fóru hédan þar frá Oudrún Björnsdóttir til Blönduóss, en frú Kristín Hafliðadóttir og frú Theódóra Pálsdóttir til Rvíkur. Jósef Blöndal stöðvarstjóri fylgdi líki móður sinnar.

Páll Einarsson sýslumaður hefir dvalið hér síðan á mánudag. Hann hélt hér manntalsþing á þriðjudaginn og hefir síðan haft ýmsum öðrum störfum að gegna.

Hjónaband. Í gærkvöld kl. 6 voru gefin saman í hjónaband í kirkjunni ungrú Kristín Pálsdóttir, fósturdóttir Helga

læknis Guðmundssonar, og Pétur Bóasson kaupm. frá Reyðarfirði.

Kirkjan. Messað á morgun kl. 5 síðd.

Hvalveiðaskipið »Isfjeld« frá Haugasundi, skipstj. C. Olsen, kom hingað um miðja vikuna til að fá sér vatn og hreinsa ketilinn. Skipið hefir verið að veiðum í 6 vikur og fengið 8 hvali, þar af 3 bláhvali. Hafa fengið um 280 fót af lýsi af þessum 8 hvöllum. Skipið fékk þessa hvali við Jan Mayen, en hefir allt af átt við ofviðri og ósjó að stríða og hefir það hindrað veiðina. Skipstj. kveður ísinn vera langt undan landi og íslaust við Jan Mayen.

E.s. »Magne« frá Haugasundi er væntanlegt hingað þessa dagana til Iversen.

Anna, fiskiskip frá Haugasundi kom hingað í fyrradag og kvað góðan afla á Skagagrunni, en var nú orðið beitulaust.

Innlendar símfregnir.

Rvík 27.-6. Lagarfoss kom í morgun frá New-York. — Af túni Eggerts Breim hafa verið teknir um 94 þús. fermetrar fyrir flugvélalendingarstað. — Fulltrúar Vestur-Íslendinga á Eimskipafélagsfundi eru þeir Árni Eggertsson og Árni Sveinsson. — 25.-6. fanst lík Aall-Hansen er druknaði í vetur við hafnargarðinn. — Páll E. Ólafsson ætlar í haust að verja doktorsritgerð um Jón Arason við háskólann hér. — 35 lagafrumvörp hafa verið lögð fyrir Alþingi.

Hingað og þangað.

Hver á Spitsbergen?

Á seinni árum hefir það vakið allmiklar umræður hver öðlast ætti eignarréttinn yfir Spitsbergen. — Var haldinn fundur um þetta í Kristjaníu árið 1914 og voru skoðanir skiftar, en Bretar og Ameríkumenn þó helst á því, að eyjar þessar skyldu vera »einkis land« (svonefnd terra nullius,) en könnuðust þó hinsvegar við, að Norðmenn hefðu þar svo stór fyrirtæki með höndum, að til þeirra yrði að taka tillit fremur en annara hvað lögreglu og réttarfar á Spitsbergen snerti. Annars komust menn ekki að neinni fastri niðurstöðu um þetta mál á þessum Kristjaníufundi því að þá skall ófriðurinn yfir og tvístraði öllum og öllu. En nú í vor sem leið gerði Percy þingmaður fyrirspurn um það í neðri deild parlamentsins, hvað þessu máli líði og hvort Bretar ærðu að láta eyjarnar ganga úr greipum sér. Kvað hann fána Englendinga hafa blaktað þar árið 1607 og annar þingmaður, Sir Martin Conway, kvaðst hafa fundið það í gömlum landkortum frá 17. öld, að Englendingar og Hollendingar hefðu skift Spitsbergen á milli sín. Þessu svaraði Harmsworth ráðherra á þá leið, að Henry Hudson hefði komið til Spitsbergen árið 1607, en engar sönnur væru fyrir því, að hann hefði dregið þar breska fánann að hún. Líti helst út fyrir, að Hollendingar hefðu ekki amast við yfirráðum Breta yfir eyjunum um eitthvert tímabil, en þó væri það als ósannað, að það hefði verið með samþ. hollensku stjórnarinnar. Að öðru leyti hefðu allir málspartar, sem ítök þóttust eiga í Spitsbergen, og þar á meðal Bretar sjálfir, orðið á eitt sáttir um það á Kristjaníufundinum, að eyjan væri »terra nullius« og yrði allt þetta mál að koma fyrir alþjóðafund. Kvaðst hann hafa von um, að það yrði rætt á friðarfundinum í París, en hinsvegar væri málinu svo í óefni komið, þar sem áhugamenn af ýmsum þjóðum væru að nema land þar nyrðra, að vel gæti leitt til stórvandræða. Út af þessu er kominn upp kurr all-

mikill meðal Norðmanna og þykjast þeir einir eiga sögulegan og landfræðislegan rétt til allra umræða yfir Spitsbergen og hafa gert þar langmestar framkvæmdir allra manna. Benda þeir á það meðal annars, að seinast liðið ár hafi hafst þar við 600 norskir verkamenn og flutt til skips 55 þús. smál. af kolu úr norskum námum. Frá Svíþjóð hafi á sama tíma verið þar 100 verkamenn og skipað út 4 þús. smál. og frá Rússlandi 40 verkamenn og skipað út 2500 smál. En frá Englandi hafi að vísu verið þar 50 verkamenn, en ekki skipað út einni smál. auk heldur meiru.

Pakkarorð.

Innilega hjartans þökk færum við hjónin og börnin okkar, öllum þeim sem réttu okkur drengilega hjálparhönd, er við stóðum alslaus uppi eftir snjóflóðið í vor. Viljum við fyrst og fremst þakka þeim sem björguðu okkur úr snjóflóðinu, og Árbakkafólkinu er tók á móti okkur og lét okkur alla hugsanlega umönnun í té Einnig þökkum við innilega þeim, frú Indíönu Tynes, kaupm. Helga Hafliðasyni og frú hans og héraðslækni Guðmundi T. Hallgrímssyni og frú hans sem tóku á móti okkur er við vorum flutt hér yfir á Eyrina, útveguðu okkur húsnæði og létu okkur í té allt er við þurftum á að halda. Ennfremur þökkum við innilega öllum þeim sem á einn og annan hátt hjálpuðu okkur og tóku þátt í kjörum okkar með innilegri samúð og hluttekningu. Öllum þeim mörgu sem okkur hafa hjálpað biðjum við algóðan guð að blessa og launa af ríkdómi sinnar náðar.

Kristín Gísladóttir
E. V. Hermannsson,

Límonaði Sódavatn

Sæt Saft hjá
S. A. Blöndal.

Nýkomið

í verslun

„Fjallkonan“

Flonelettes hv. og mislit
Tvististau í morgunkjóra

Fataefni afar góð

Léreft hv. eftir vigt

Kaffibrauð 16 teg.

Confect

Átsúkkulaði

Silkibrjóstsýkur

Piparmintur

Karamells

Kacao 2 teg. o. fl.

Appelsínur
koma með e.s. „Gullfoss.“

Sparið tíma og fyrirhöfn
með því að snúa yður fyrst
til verslunar minnar þegar
yður vantar eitthvað af ofan-
greindum vörum.

Virðingarfylst.

pr. Versl. „Fjallkonan“
Andrés Hafliðasson.

Skóhlífar

bestar í AALESUND.

40

id þá að tilkynna hinum að hann, vegna sérlegra heppilegra ástæða færi á stað til Pétursborgar tuttugu og fjórum stundum fyrir en ákveðið var í fyrstu.

Þeir gátu því verið vissir um það að leyniskjölin kæmust í hendur Taranievs í síðastalagi á laugardagsmorgun. Þau væru því óhultari nú, þar sem hans eminence hefði þau í fórum sínum, og ekki var nein hætta, að komið yrði með neinar nærgöngular spurningar, eða skjölin rannsókuð. Hann hafði falið þau á svo góðum stað, að jafnvel hinir sniðugusta leynilögreglumenn í Rússlandi gætu ekki fundið þau.

VII.

Kardínállinn borðaði í þetta skifti, eins og svo oft áður, miðdegisverð hjá frú Demidoff. Hún var hin fegusta, mest töfrandi og dularfylsta af þeim mörgu rússnesku heims frúm, er sjást í viðhafnarsölum Wínborgar, Parísar og Lundúna. Auðæfi þessara kvenna virðast ótæmanleg, alstadar er þeim veitt viðtaka, karlmennirnir dást að þeim, kvenþjóðin öfundar þær, og starfsmenn rússnesku sendiherra sveitanna óttast þær, jafnvel sendiherrarnir sjálfir hafa beig af þeim.

Það hefir verið erfitt fyrir Frakka eða Englendinga að skilja hversvegna landar frú Demidoff óttuðust hana. Hún var ætíð jafn töfrandi við alla, sem hún hitti í samkvæmissölunum og félagslífinu yfirhöfuð, og það leit ekki út fyrir að hún hefði minsta áhuga á stjórnmálum.

Að vísu hafði því verið fleygt fyrir ári síðan að ötull tollþjónn einn við landamæri Austurríkis, hefði rannsakað flutning frú Demidoff, og fundið þar skjöl nokkur; voru í þeim einkennilegar nánar upplýsingar um hvað þegnar rússneska keisarans í Wínborg segðu og gerðu. Þar var einnig sagt frá samtölum nokkrum milli sendiherrans og frúar hans, er hefðu farið fram í svefnherbergi þeirra.

Þetta var nú aðeins lausafregn, og það, að sendiherranum